# Danska 9. bekkur 2023-2024

## Kynning á námsgreininni og kennsluaðferðir

Unnið verður með færniþættina fjóra; lestur, hlustun, tal (samskipti og frásögn)) og ritun, ásamt menningarlæsi og notast við fjölbreyttar kennsluaðferðir.

Unnin verða hefðbundin málfræðiverkefni til dæmis eyðufyllingar, krossgátur, orðarugl, hlustunarverkefni, samræðuverkefni og lesskilnings-verkefni.

Horft verður á sjónvarpsefni og kvikmyndir, unnin verða verkefni því tengdu

Hópa og paraverkefni ásamt kynningum

Ritunarverkefni sem tengjast þeim orðaforða sem verið er að leggja inn hverju sinni.

Fylgst verður með því helsta sem er að gerast í Danmörku og nemendur kynnast menningu, siðum og venjum í Danmörku

Unnið verður með danska tónlist

## Námsáætlun

| Tímabil | Viðfangsefni | Hæfniviðmið |
|---|---|---|
| 21. ágúst - 8. sept | Grammatik<br>Vinna með lýsingarorð<br>• Dagbókarfærsla<br>• Framsagnaræfing<br>• Hlustunaræfing | -Skrifað samfelldan texta um efni sem hann þekkir og notað orðaforða sem unnið hefur verið með<br>-Flutt einfalda, undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu<br>- Hlustað eftir einstökum nákvæmum atriðum við kunnulegar aðstæður og brugðist við með orðum eða athöfnum |
| 11. - 15. sept | Rauntextar<br>• Nemendur lesa rauntexta (af fréttasíðu dr.dk) og vinna úr honum lesskilningsverkefni | -Lesið sér til fróðleiks rauntexta og brugðist við með orðum eða á annan hátt |
| 18. sept - 6. okt | Bíómynd<br>Grammatik<br>Unnið með fornöfn<br>• Dagbókarfærsla<br>• Persónugreining unnin úr myndinni með áherslu á notkun fornafna | -Skrifað samfelldan texta um efni sem hann þekkir og notað orðaforða sem unnið hefur verið með<br>-Samið texta þar sem ímyndunaraflið fær að njóta sín |
| 9. - 27. okt | Grammatik<br>Unnið með sagnorð<br>• Dagbókarfærsla<br>• Nemendur gera vefsíðu þar sem þeir skipuleggja ferð til Kaupmannahafnar | -Lesið sér til fróðleiks rauntexta og brugðist við með orðum eða á annan hátt<br>-Sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til ytri umgjarðar Danmerkur, s.s. landfræðilegrar legu, staðhátt og þekktra staða<br>Skrifað samfelldan texta um efni sem hann þekkir og notað orðaforða sem unnið hefur verið með |
| 30. okt - 17. nóv | Grammatik<br>Unnið með nafnorð<br>• Dagbókarfærsla | -Skrifað samfelldan texta um efni sem hann þekkir og notað orðaforða sem unnið hefur verið með<br>-Samið texta þar sem ímyndunaraflið fær að njóta sín<br>-Lesið sér til fróðleiks rauntexta og brugðist við með orðum eða á annan hátt |

| | | |
|---|---|---|
| | Danskar hátíðir<br>• Nemendur útbúa bæklinga um danka hátíðar- og frídaga og kynna hann fyrir samnemendum | -Sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til ytri umgjarðar Danmerkur, s.s. landfræðilegrar legu, staðhátt og þekktra staða |
| 20. nóv - 1. des | Bíómynd<br>• Hlustunarverkefni úr myndinni<br>• Lesskilningur | Tileinkað sér aðalatriði úr kynningum og frásögnum sem eru innan áhuga-, náms- og þekkingarsviðs hans og brugðist við efni þeirra, sagt frá, unnið úr eða nýtt sér á annan hátt |
| 4. - 15. des | Dönsk jól<br>• Fjallað um danskar jólahefðir og verkefni unnin þeim tengdum.<br>• Dönsk jólamynd og æbleskiver. | -Sýnt fram á að hann þekkir til siða og hefða Danmerkur og borið saman við eigin menningu<br>-Lesið sér til gagns og gamans auðlesnar bækur og tímarit ætluð ungu fólki |

| Tímabil | Viðfangsefni | Hæfniviðmið |
|---|---|---|
| 4. jan - 26. jan | Grammatik<br>Unnið með töluorð<br>• Dagbókarfærsla<br>• Samskiptaverkefni þar sem lögð er áhersla á töluorð<br>Danskir landshlutar<br>• Nemendur búa til spurningaspil um danska landshluta. Að verkefnavinnu lokinni eru spilin spiluð | -Skrifað samfelldan texta um efni sem hann þekkir og notað orðaforða sem unnið hefur verið með<br>-Tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf<br>-Lesið sér til fróðleiks rauntexta og brugðist við með orðum eða á annan hátt<br>-Sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til ytri umgjarðar Danmerkur, s.s. landfræðilegrar legu, staðhátt og þekktra staða |
| 5. - 9. feb | Bíómynd<br>• Hlustunarverkefni úr myndinni | -Tileinkað sér aðalatriði úr kynningum og frásögnum sem eru innan áhuga-, náms- og þekkingarsviðs hans og brugðist við efni þeirra, sagt frá, unnið úr eða nýtt sér á annan hátt |
| 12. feb - 1. mars | Grammatik<br>Unnið með forsetningar<br>• Dagbókarfærsla<br>• Myndbandsverkefni | -Skrifað samfelldan texta um efni sem hann þekkir og notað orðaforða sem unnið hefur verið með<br>-Flutt einfalda, undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu |
| 4. - 22. mars | Árstíðir<br>• Nemendur vinna verkefni um árstíðir sem reyna markvisst á alla þá málfræðiþætti sem unnið hefur verið með<br>MGP<br>• Horft á dönsku söngvakeppnina og verkefni unnin úr henni<br>Páskar<br>• Umfjöllun um danskar páskahefðir<br>• Páskabingó | -Skrifað samfelldan texta um efni sem hann þekkir og notað orðaforða sem unnið hefur verið með<br>-Samið texta þar sem ímyndunaraflið fær að njóta sín<br>-Lesið sér til fróðleiks rauntexta og brugðist við með orðum eða á annan hátt<br>-Hlustað eftir einstökum nákvæmum atriðum við kunnulegar aðstæður og brugðist við með orðum eða athöfnum |
| 2. - 12.apríl | Danskir skemmtigarðar<br>• Nemendur vinna auglýsingu (canva) um danskan skemmtigarð að eigin vali og gera myndband. Verkefni | -Lesið sér til fróðleiks rauntexta og brugðist við með orðum eða á annan hátt<br>-Skrifað samfelldan texta um efni sem hann þekkir og notað |

| | | |
|---|---|---|
| | kynnt fyrir samnemendum við lok verkefnavinnu. | orðaforða sem unnið hefur verið með<br>-Samið texta þar sem ímyndunaraflið fær að njóta sín<br>-Flutt einfalda, undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu |
| 15. - 19. apríl | Bíómynd<br>• Verkefni unnið úr myndinni | -Tileinkað sér aðalatriði úr kynningum og frásögnum sem eru innan áhuga-, náms- og þekkingarsviðs hans og brugðist við efni þeirra, sagt frá, unnið úr eða nýtt sér á annan hátt |
| 22. apríl -3. maí | LEGO<br>• Lesskilningsverkefni<br>• Hlustunarverkefni<br>• Dagbókarfærsla | -Lesið sér til fróðleiks rauntexta og brugðist við með orðum eða á annan hátt<br>-Hlustað eftir einstökum nákvæmum atriðum við kunnulegar aðstæður og brugðist við með orðum eða athöfnum<br>-Skrifað samfelldan texta um efni sem hann þekkir og notað orðaforða sem unnið hefur verið með |
| 6. maí-3. júní | Málfræði<br>• Nemendur vinna að málfræðibanka (vefsíðu) og safna þannig saman skilgreiningum, rifja upp málfræðina og þjálfast í upplýsingaleit.<br>Bíómynd<br>• Verkefni úr myndinni | -Lesið sér til fróðleiks rauntexta og brugðist við með orðum eða á annan hátt<br>-Skrifað samfelldan texta um efni sem hann þekkir og notað orðaforða sem unnið hefur verið með<br>-Tileinkað sér aðalatriði úr kynningum og frásögnum sem eru innan áhuga-, náms- og þekkingarsviðs hans og brugðist við efni þeirra, sagt frá, unnið úr eða nýtt sér á annan hátt |

## Grunnþættir menntunar

**Heilbrigði og velferð**, nemandi:

- stuðlar að jákvæðum skólabrag
- sýnir frumkvæði vinnur sjálfstætt og í hóp
- nýtir styrkleika sína í vinnu sinni og samskiptum við aðra

**Jafnrétti**, nemandi:

- temur sér gagnrýna hugsun í greiningu sinni á aðstæðum
- fer eftir reglum í samskiptum sínum við aðra
- tekru tillit til skoðana annarra.

**Lýðræði og mannréttindi**, nemandi:

- kemur fram við samstarfsfólk sitt af virðingu og tillitssemi,
- vegur og metur viðfangsefnin sín á gagnrýninn hátt,
- temur sér siðfræðileg gildi í umgengni sinni við aðra,

**Læsi**, nemandi:

- les upplýsandi texta og nýtir í verkefnavinnu,
- tjáir sig um verkefni sín og notar hugtök sem hann þekkir,
- nýtir ýmis hjálpargögn svo sem orðabækur og netmiðla,

**Sjálfbærni**, nemandi:

- tekst á við áltiamál í ræðu og riti um málenfi sem varðar nærumhverfi hans
- þróar með sér gagnrýna hugsun og kemur henni til skila,

**Sköpun**, nemandi:

- virkjar hugmyndaflugið til að finna lausnir við vinnu verkefna,
- nýtir hæfileika sína og skapar afurð

## Námsmat

Færniþættirnir allir verða metnir; hlustun, lestur, samskipti, tal, ritun og menningarlæsi. Gefnir verða bókstafirnir A, B, C, D fyrri hæfniviðmiðin en lokið /ólokið fyrir einstök verkefni Vægi færniþáttanna er mismunandi, enda mismikið unnið með þá.

- Lesskilningur/orðaforðatileinkun 30%
- Hlustun 20%
- Samskipti og frásögn 20%
- Menningarlæsi 10%
- Ritun 20%

## Hlutverk og vinnulag nemandans

Samskipti einkennast af virðingu og verða sem mest á dönsku í kennslustofunni

Mæting á réttum tíma með gögn

Gert er ráð fyrir að nemendur nýti kennslustundir vel

Skil á verkefnum í samræmi við tímasetningar

Ritstuldur er ekki liðinn